



Greinargerð vegna stöðumats

Barnvæn sveitarfélög

Kópavogsbær

DESEMBER 2022



unicef 
fyrir öll börn



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Stýrihópur Barnasáttmála hjá Kópavogsbæ:	2
Stöðumat.....	2
Mælaborð barna:.....	3
Alþjóðlegar rannsóknir:	3
Farsældarlög:	4
Stefnur Kópavogsbæjar:	4
Leiðbeinandi spurningarlistar Unicef:.....	4
Spurningakannanir Unicef:.....	5
Barnaping	15
Sérfræðihópar barna	17
Álag á börnum:	18
Vinnuaðstaða	21
Samantekt stöðumats.....	23
Fylgiskjal: Samantekt leiðbeinandi gátlista.....	25
Leiðbeinandi spurningalistar - gátlistagreining	26
Grunnpáttur 1 – Þekking á réttindum barna	27
Grunnpáttur 2 – Það sem barni er fyrir bestu.....	30
Grunnpáttur 3: Jafnræði - Að horft sé til réttinda allra barna	32
Grunnpáttur 4 – Þátttaka barna	36
Grunnpáttur 5 – Barnvæn nálgun	42

Inngangur

Á heildina litið hefur gengið vel að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Kópavogsbæ. Starfsfólk er alla jafna áhugasamt um að gæta að réttindum barna og tileinka sér vinnubrögð til að tryggja barnaréttindin. Þá hefur náðst góð samvinna innan sviða en ekki síður milli sviða sem við teljum vera með mikilvægari árangurslyklum að velgengi verkefnisins.

Stöðumat er viðvarandi verkefni hjá Kópavogsbæ þar sem reglulega eru settar nýjar upplýsingar inn í mælaborð barna, fylgst með þróun mála og brugðist við eftir því sem kostur er. Þá er jafnframt fylgst vel með niðurstöðum úr öðrum tiltækum gagnasöfnum svo sem frá Skólavoginni, Rannsóknum og greiningu (R&G) og Íslensku æskulýðsrannsókninni. Stórar alþjóðlegar rannsóknir þar sem Ísland er þátttakandi eru jafnframt hafðar til hliðsjónarvið mat á stöðu barna.

Í tengslum við endurnýjun viðurkenningar sem Barnvænt sveitarfélag voru gerðar viðhorfskannanir meðal starfsfólks og barna í Kópavogi. Í framtíðinni höfum við þó væntingar til þess að allar spurningakannanir gagnvart börnum verði gerðar í gegnum nýtt mælaborð barna undir stjórn mennta- og barnamálaráðherra til að hlífa börnum við miklum fjölda viðhorfskannana og til að tryggja að úrvinnsla sé í höndum sérfræðinga.

Almennt gengur vel að virkja fólk til samstarfs við alla vinnu er snýr að réttindum barna og starfsfólk er almennt áhugasamt. Hinsvegar merkir umsjónaaðili verkefnisins aukið álag meðal starfsfólks og þar af leiðandi oft snúið að ná fólki saman. Mögulega er það árstíminn, haust, og miklar annir í skólum sem eru að fara á fullt eftir erfið covid ár eða vinna við fjárhagsáætlanir sem starfsmenn þurfa að setja í forgang á þessum árstíma. Einnig verður að hafa í huga að á vormánuðum tók við ný bæjarstjórn sem þarf tíma til að setja sig inn í málin og starfsmenn að vera til taks eins og þarf fyrir nýja kjörna fulltrúa.

Spurningarkannanir meðal starfsfólks voru keyrðar í byrjun október 2022 en spurningakannanir meðal barna seinni hluta október mánaðar. Að mestu leyti var byggt á spurningarlista Unicef eins og hann birtist í handbók Unicef, þó aðeins stytur. Hinsvegar var bætt við spurningum er lúta að:

- A) Álagi á börn – sem ávallt stóð til að gera í fyrsta hring innleiðingar Barnasáttmálans í Kópavogi en varð að fresta vegna covid
- B) Vinnuaðstaða – nokkuð sem einnig var á dagskrá í síðustu aðgerðaáætlun en varð að fresta vegna covid.


Stýrihópur Barnasáttmála hjá Kópavogsbæ:

Erindisbréf til fulltrúa í stýrihópi var gefið út 22. nóvember 2021. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í stýrihóp:

Anna Elísabet Ólafsdóttir, formaður stýrihóps
Sigrún María Kristinsdóttir, umsjónaaðili verkefnisins
Brynjar Hugi Karlsson, Menntaskólinn í Kópavogi, fulltrúi frá ungmennaráði
Magnús Snær Hallgrímsson, Menntaskólinn í Kópavogi, fulltrúi frá ungmennaráði
Kristín Edda Hlynisdóttir, nemandi í grunnskólanum Snælandsskóla
Hildur Arna Hrafnisdóttir, nemandi í grunnskólanum Hörðuvallaskóla
Margrét Friðriksdóttir, bæjarfulltrúi
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi
Ása A Kristjánsdóttir, bæjarlögmaður
Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir, leikskólakennari
Amanda Ólafsdóttir, deildastjóri frístundadeildar og tengiliður við ungmennaráð
Ragnheiður Hermannsdóttir, deildastjóri grunnskóladeildar
Guðrún Svava Baldursdóttir, tengiliður við félagsmiðstöðvar aldraðra
Svavar Ólafur Pétursson, yfirmaður vinnuskóla umhverfissviðs
Guðlaug Ósk Gísladóttir, deildastjóri þjónustudeildar fatlaðra
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá velferðarsviði

Stöðumat

Árlega framkvæmir Gallup þjónustukönnun fyrir mörg sveitarfélög í landinu, þar á meðal Kópavog. Kópavogur hefur bætt við nokkrum spurningum er varða viðhorf íbúa til innleiðingar Barnasáttmálans og heimsmarkmiðanna. Í síðustu könnun, 2021 voru íbúar spurðir eftirfarandi spurningar: „*Kópavogsbær hefur innleitt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í allt starf og stefnumótun sveitarfélagsins og hlotið viðurkenningu Unicef fyrir það starf. Hefur þú kynnt þér mikið, nokkuð, lítið eða ekkert hvað innleiðing Barnasáttmálans felur í sér fyrir starf sveitarfélagsins?*“ 22% svarenda segjast hafa kynnt sér málið á meðan 78% segjast lítið sem ekkert hafa gert það. Vonast er til að með auknum fjölda Réttindaskóla muni foreldrar og forráðamenn fræðast enn betur um í hverju það felst að innleiða Barnasáttmálann inn í sveitarfélagið auk þess sem áfram verður notast við fréttaveitur bæjarins til að fjalla um málið.



Mynd 1: Spurning: Kópavogsbær hefur innleitt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í allt starf og stefnumótun sveitarfélagsins og hlotið viðurkenningu Unicef fyrir það starf. Hefur þú kynnt þér mikið, nokkuð, lítið eða ekkert hvað innleiðing Barnasáttmálans felur í sér?

Mælaborð barna:

Í fyrsta innleiðingarhring Kópavogsbæjar sem Barnvænt sveitarfélag þróaði bærinn mælaborð barna til að geta fylgst betur með stöðu barna í sveitarfélaginu. Heildarvísitala mælaborðsins lækkaði heldur í Covid-19 faraldrinum þar sem neikvæðustu breytingarnar tengdust skólastarfinu, þar sem oft varð að loka eða draga saman starfsemi yfir lengri tíma. Aðrar breytingar voru jákvæðar svo sem þekking barna á Barnasáttmálanum. Þannig hækkað hlutfall barna, 9 -13 ára, sem telja sig hafa góða þekkingu á Barnasáttmálanum um 15 prósentustig frá 2019 til 2021 eða frá 22% upp í 37% (niðurstöður Rannsóknar og greiningar). Mestu lækkun vísitölu var hinsvegar að finna tengda félagslífi barna. Þannig mældist lækkun á hlutfalli barna í 8.-10. bekk, sem finnast þau nánin öðrum, um 29 prósentustig, eða frá 66% árið 2020 niður í 47% 2022. Mögulega gætir enn hér áhrifa covid-19.

Alþjóðlegar rannsóknir:

Ýmsar alþjóðlegar kannanir eru gerðar er tengjast velferð barna og niðurstöður sumra þeirra gagnast vel í hátekjuríki eins og Íslandi. Þannig taka íslensk börn reglulega þátt í PISA rannsókn¹ sem mælir meðal annars lesskilning barna. Lesskilningur felst í því að skilja, nota, meta og ígrunda og því mikilvægt að hjálpa börnum að byrja snemma að ástunda lestur.

Lesskilningur nemenda á Íslandi hefur verið undir væntingum samkvæmt niðurstöðum PISA könnunarinnar og er hann undir meðaltali OECD landa. Sé staðan skoðuð með tilliti til bakgrunns kemur í ljós að innflytjendur skora lægra en börn með engan erlendan bakgrunn þegar kemur að lesskilningi. Þá er til staðar munur milli hinna tveggja hefðbundnu kynja og er staðan lakari hjá drengjum en stúlkum samkvæmt PISA. Samkvæmt Skólagátt Menntamálastofnunar er stórt hlutfall íslenskra barna undir viðmiðum í lestri²

¹ https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf

² <https://skolagatt.is/g%C3%B6gn/landi%C3%B0/lesfimi/?term=2022-23>

Farsældarlög:

Um mitt ár 2021 samþykkti Alþingi nýja löggjöf um samþættingu í þágu barna. Markmið laganna er að börn og foreldrar, sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana og að brugðist sé við þörfum barna um leið og hún vaknar. Kópavogsbær mun leggja áherslu á samheldna og árangursríka innleiðingu farsældarlaganna. Stofnað hefur verið teymi sem hefur það hlutverk að undirbúa innleiðingu farsældarlaganna í allar stofnanir eða starfsemi þar sem börn koma við, en í því teymi í sitja fulltrúar mennta- og velferðarsviðs.

Stefnur Kópavogsbæjar:

Kópavogsbær hefur markað sér stefnu í ýmsum málaflokkum og margar þeirra snerta börn enda börn einn af stærstu hagaðilum sveitarfélagsins. Þannig er til dæmis til menningarstefna þar sem meðal annars segir „*Að veita börnum og ungmennum tækifæri á að skapa, miðla og upplifa menningu á eigin forsendum*“ og lýðheilsustefna þar sem segir meðal annars: „*Grunnforsendur Barnasáttmálans byggja á 2., 3., 6. og 12. grein Barnasáttmálans og þessar greinar leggur Kópavogsbær til grundvallar í forvarna- og heilsuefningarstarfi barna.*“

Við gerð aðgerðaáætlunar Barnvæns sveitarfélags er nauðsynlegt að taka mið af stefnum bæjarins.

Leiðbeinandi spurningarlistar Unicef:

Eins og í fyrsta hring innleiðingar Barnasáttmála ákvað stýrihópur að skipta hópnum upp í smærri hópa og skipta með sér verkum við að svara leiðbeinandi spurningalistum frá Unicef. Umsjónamaður innleiðingar Barnasáttmála var þátttakandi í öllum vinnuhópunum en reynt var eftir megni að hafa starfsfólk með sérþekkingu á hinum mismunandi gátlistum með í að svara þeim spurningum.

Samantektin var send til fulltrúa í stýrihópi og öllum gefinn kostur á að koma með tillögur að breytingum eða leiðréttingum á svörum. Börnin í stýrihópi voru í mismunandi hópum en því miður höfðu mörg þeirra ekki tækifæri til að taka þátt vegna anna. Þau, eins og allir stýrihópsfélagar, fengu þó öll svörin til yfirlestrar og álits. Engar athugasemdir bárust frá stýrihópsfélögum, hvorki börnum né fullorðnum.

Kópavogsbær hefur bætt sig þegar kemur að réttindum barna til þátttöku og er starfsfólk almennt mun meðvitaðra um mikilvægi samráðs við börn. Umsjónamaður minnir stöðugt á þennan þátt svo sem við gerð aðgerðaáætlana, gerð verkfærakista fyrir ýmis verk og stefnumótun innan bæjarins. Líklega eru stærstu framfarir Kópavogs því í þátttöku barna. Þá er meðvitund almennt meiri meðal starfsmanna sem gerir það að verkum að oftar er horft til réttinda barna samkvæmt Barnasáttmálanum við hin ýmsu verkefni eða í stefnumarkandi starfi. Alltaf má þó gera betur og þarf að sinna þekkingu á réttindum barna enn frekar. Gera má ráð fyrir að námskeið Unicef - Akademia um réttindafræðslu muni hjálpa til við að auka þekkingu starfsfólks enn frekar. Huga þarf vel að því að ný ráð svo sem ungmennaráð fái ávallt fræðslu í upphafi starfstíma síns en undanfarin ár hefur ungmennaráð alltaf fengi fræðslu um

lýðræðislega þátttöku í upphafi tímabils sem ráðið er starfandi auk þess sem farið er yfir Barnasáttmálann og af hverju hann er mikilvægur.

Í gátlistum er sérstaklega spurt um „hagsmunamat barna“. Kópavogsbær hefur ekki hafið markvissa vinnu við hagsmunamat barna en stefnt er á að þróunarvinna geti farið af stað 2024. Margar aðgerðir eru á teikniborðinu og þarf að ná að ljúka þeim fyrst. Árið 2023 verður unnin þróunarvinna við gerð lýðheilsuáætlana en sú vinna snertir börn að miklu leiti.

Spurningakannanir Unicef:

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna

Í október 2022 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal starfsmanna Kópavogsbæjar. Starfsfólk sem annast viðhorfskannanir og Barnasáttmála settu spurningar upp í sérstakt könnunarforrit bæjarins. Könnunin var send út á 2.791 tölvupóstfang. Eftir ítrekun svöruðu samtals 303 einstaklingar sem gerir um 11% svarhlutfall. Það er lægra svarhlutfall en í apríl 2019 þegar svarhlutfall var 20%. Langstærstur hluti svarenda kom frá menntasviði eins og í síðustu könnun en lélegasta þátttakan var frá umhverfissviði bæjarins. Mögulega hefur álag í vinnu haft áhrif á lélegt svarhlutfall.

Tafla 1: Viðhorfskönnun meðal starfsmanna; fjöldi og skipting milli sviða.


Svarendur	Fjöldi	Hlutfall
Menntasvið	224	74%
Umhverfissvið	6	2%
Velferðarsvið	28	9%
Önnur svið eða stofnanir	45	15%

Hver og einn einasti starfsmaður (100%) sem svaraði könnuninni hefur heyrt talað um Barnasáttmálann en það var 99% í síðustu könnun. 78% svarenda segjast geta nefnt fjögur réttindi samkvæmt Barnasáttmála sem er aukning um 8 prósentustig frá fyrri könnun (2019).

98% svarenda telur að börn eigi alltaf rétt á að tjá sig óháð aldri og þroska en þessi spurning var ekki í síðustu könnun. 98% svarenda segir jafnframt að Barnasáttmálinn gildi um öll börn (5 einstaklingar segjast ekki vita það).

Spurt var hvort barn þurfi að haga sér vel til að fá réttindi sín uppfyllt en 97% svarenda sagði svo ekki vera. 2019 var spurt hvort barn gæti misst réttindi sín ef það myndi brjóta af sér en þá svaraði 89% því neitandi. Verið er að spyrja um sama atriði þótt orðalag spurningar sé aðeins breytt þannig að segja má að skilningur á réttindum barna hvað þetta varðar hafi aukist um 8 prósentustig.

Spurt var hvort réttindi barna hafi í för með sér skyldur fyrir börn og hefur fjölgað í hópi þeirra sem vita að svo er ekki eins og sjá má mynd 2:




Mynd 2: Svör við spurningunni: Hafa réttindi barna í för með sér skyldur fyrir börn?

88% starfsmanna telur að tryggja þurfi réttindi barna á Íslandi samkvæmt Barnasáttmálanum ennþá frekar (5% svara því neitandi og 7% vita það ekki).

Spurt var hvort starfsmaður hafi fengið fræðslu um réttindi barna. 74% starfsmanna segja svo vera en 26% ekki.


Þá var spurt hvort Barnasáttmálinn eigi við í því starfi sem starfsmaður gegni og svaraði 90% því játandi. 81% svarenda sagðist spyrja börn áhlits um mál er þau varða í starfi sínu, 12% sagði það ekki eiga við og 7% svaraði þessu neitandi.

Starfsfólk var spurt hvort börn hafi áhrif á mál sem þau varða í starfi þeirra. Stór hluti svarenda svarar þessu játandi en margir að gera mætti betur:



Mynd 3: Svar við spurningunni: Hafa börn áhrif á mál sem þau varða í þínu starfi?


80% svarenda segist vinna með börnum en einnig var spurt hvort þeir hafi nægjanlegt svigrúm í starfi sínu til að leita eftir viðhorfum barna:



Mynd 4: Svar við spurningunni: Hefur þú nægjanlegt svigrúm í starfi þínu til að leita eftir viðhorfum barna?

Álag í starfi er oft talsvert en hér gæti bærinn gert betur með því að gefa starfsfólki meiri sveigjanleika og tíma til samráðs við börn.


Spurt var hvort tilkynningaskylda, samkvæmt barnaverndarlögum um aðila sem vinna með börnum hafi verið kynnt fyrir starfsfólki. Svipuð spurning var í könnuninni 2019 en þá var spurt hvort stafráttur hefði fengið fræðslu um hvað barnaverndarlög, grunnskólalög, æskulýðslög og aðalnámsskrá segja um mannréttindi sem er víðtækari spurning en svörin voru eftirfarandi („Að hluta“ á ekki við í könnuninni 2022 þar sem það var ekki svarmöguleiki þá):



Mynd 5: 2022 var spurt: Hefur tilkynningaskylda, samkvæmt barnaverndarlögum um aðila sem vinna með börnum, verið kynnt fyrir þér eftir að þú hófst störf? 2019 var spurt: Hefur þú fengið fræðslu um hvað barnaverndarlög, grunnskólalög, æskulýðslög og aðalnámsskrá segja um mannréttindi?


81% starfsmanna segir að skýrar verklagsreglur séu á sínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndar, 9% svara neitandi og 10% segjast ekki vita það. Þetta er breyting til hins betra þar sem einungis 63% starfsmanna í könnuninni 2019 sagði að tilkynningaskylda barnaverndarlaga hefði verið kynnt fyrir þeim á vinnustað.

Smávægilegar jákvæðar breytingar hafa átt sér stað varðandi hvernig bregðast skuli við ef grunur vaknar um að barni líði illa. Spurningarnar voru ekki alveg hinar sömu í báðum könnunum en þeim sem svara þessari spurning játandi hefur fjölgað um 3 prósentustig, eða frá 66% upp í 69%. 93% starfsmanna telur þó að þau viti hvernig bregðast skuli við ef barni líður illa og hefur fjölgað í þeim hópi um 8 prósentustig frá könnuninni 2019.



Mynd 6: Veist þú hvernig þú átt að bregðast við ef þig grunar að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu?

Starfsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu tilkynnt vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndar:




Mynd 7: Svar við spurningu: Hefur þú tilkynnt til barnaverndar grun um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi?

Ekki er til samanburður þessarar spurningar frá því 2019.

Viðhorfsskönnun var gerð meðal kjörinna fulltrúa en þar sem einungis bárust svör frá sex aðilum er ekki réttlætanlegt að rýna mikið í þær niðurstöður. Hinsvegar má draga saman í stuttu máli að allir svarendur höfðu heyrt um Barnasáttmálann en ekki gátu allir nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmála. Allir töldu að börn eigi alltaf rétt á að tjá sig, óháð aldri og þroska og að réttindi barna gildi jafnvel þótt barn hagi sér ekki vel. Bæta mætti fræðslu til kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann og um viðbrögð ef grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi. Vonast er til að hér verði hægt að vinna bragabót með nýju góðu fræðsluefni frá Unicef - Acakemia.

Viðhorfsskönnun meðal barna


Könnun var gerð á viðhorfi barna árið 2019. Framkvæmd hennar var með þeim hætti að slóði var sendur út á netföng barna í 5. til 10. bekk með einni ítrekun. Þá bárust 447 svör. Í nóvember 2022 var aftur gerð könnun meðal barna í 5. til 10. bekk en framkvæmd þannig að tengiliðir innan skólana fengu slóðann og hvöttu börnin til að fara inn á tiltekið svæði á netinu og svara könnuninni. Fjöldi svara tvöfaldaðist og svöruðu nú 866 börn sem verður að teljast gott en það nálægt því að vera 27% svarhlutfall sé miðað við manntal Hagstofunnar fyrir Kópavog. Þetta ber því að hafa í huga við túlkun gagna, það að þýðið nú er mun stærra. 47% svarenda var stúlkur, 52% drengir og 1% kynsegin eða annað. Svarendur voru á aldrinum 9 til 16 ára og var aldursdreifing eftirfarandi:



Mynd 8: Aldur barna sem þátt tóku í könnuninni í nóvember 2022

Á 76% heimila er eingöngu tölu íslenska, á 18% heimila íslenska auk annars tungumáls og á 6% heimila svarenda er eingöngu talað erlent mál. Mjög hefur fjölgað í þeim hópi svarenda þar sem eingöngu er talað erlent mál en 2019 voru það 8 börn en nú voru þau 70 talsins. Í þetta sinn var boðið var upp á að svara könnuninni á ensku og 33 börn völdu að gera það.

Börnin voru spurð hvort þau hefðu heyrt talað um Barnasáttmálann. Meirihluti barna sem svara á íslensku þekkir til Barnasáttmálans eða tæp 70%. Á meðal þeirra sem svara á ensku er hlutfallið öllu lægra eða 55%:




Mynd 9: Spurning: Hefur þú heyrt talað um Barnasáttmálann?

Í viðhorfskönnuninni frá mars 2019 sögðust 66% nemenda hafa heyrt um Barnasáttmálann. Meðal þeirra sem svara á íslensku hefur því fjölgað um 3


prósentustig frá síðustu könnun. Í síðustu könnun var einungis spurt á íslensku og því ekki hægt að bera beint saman við svör þeirra barna sem velja að svara á ensku.

Börnin voru spurð hvort þau gætu nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum. Í könnuninni frá 2019 sögðust 20% barna geta það þannig að fjölgað hefur í hópi þeirra sem telja sig geta nefnt fjögur réttindi um 10 prósentustig hjá börnunum sem svara á íslensku (um 18 prósentustig hjá þeim sem svara könnuninni á ensku en hafa þarf í huga að það eru einungis 33 börn).




Mynd 10: Spurning: Getur þú nefnt fjögur réttindi sem eru í Barnasáttmálanum?

Spurt var hvort réttindin í Barnasáttmálanum gildi um barnið sem svarar en það leiðir í ljós að stærstur hluti barnanna veit það ekki. Þá er mikill munur milli barna sem svara á íslensku og þeirra sem völdu að svara á ensku. Í könnuninni 2019 sögðust rúm 61% barna ekki vita hvort Barnasáttmálinn gildi um þau en þessi tala hefur lækkað um 9 prósentustig meðal þeirra sem svara á íslensku:



Mynd 11: Spurning: Gilda réttindin í Barnasáttmálanum um þig?

Börnin voru spurð hvort þau teldu að þau gætu misst réttindin sín ef þau myndu gera eitthvað af sér. Eins og í fyrri spurningu er hópur þeirra sem veit það ekki stærstur og í tilfelli barna sem svara á íslensku langstærstur eða rúmur helmingur. Sú tala hefur þó lækkað um 5 prósentu stig frá 2019 en þá sögðust 59% ekki vita það. Fjölgað hefur í hópi þeirra sem svara spurningunni neitandi en 2019 sögðu 28% að þau geti ekki misst réttindi sín, nú 33% úr íslensku könnuninni (30% úr þeirri ensku).




Mynd 12: Spurning: Getur þú misst réttindi þín ef þú gerir eitthvað af þér?

Börnin voru spurð hvort Kópavogsbær hafi spurt þau um skoðun þeirra þegar fjallað er um börn. Árið 2019 svöruðu 19% þessari spurningu játandi. Þessi tala hefur hækkað um 3 prósentustig og mældist nú 22% bæði í íslensku og ensku könnuninni.

Börnin voru spurð hvort þau vilji að Kópavogsbær spyrji þau oftari um skoðun þeirra á því sem gert er í bænum. Í könnuninni 2019 svöruðu 47% því játandi. Í þessari könnun hefur fækkað í hópi þeirra sem segjast vilja að bærinn spyrji þau oftari, eða 23% í íslensku könnuninni og 15% í þeirri ensku.

Erfitt er að túlka þessar breytingar og af hverju þær gætu stafað. Í fyrsta lagi er hópur svarenda tvöfalt stærri nú en í könnuninni 2019 og niðurstöður ættu þannig að vera marktækari. Þá er ekki gott að vita hvort eftirköst covid hafi einhver áhrif eða að auknar óskir um þátttöku í verkefnum eða nefndum á vegum bæjarins sé orðnar of margar. Þessu er ekki gott að svara.




Mynd 13: Spurning: Vilt þú að starfsfólk Kópavogsbæjar spyrji þig oft um þína skoðun á því sem gert er í bænum?

Börnin voru spurð hvernig Kópavogur geti oft leitað eftir skoðunum frá börnum og nefndir nokkrir möguleikar. Í hópi þeirra sem svöruðu á íslensku telur stærstu hluti barnanna að það ætti að bjóða þeim að taka þátt í könnunum en meðal þeirra sem svöruðu á ensku er meirihluti fylgjandi því að fá senda tölvupósta og þá væntanlega svara í gegnum þann miðil.

Börnin voru spurð hvort þau hafi tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er í skólanum. 51% þeirra sem svara á íslensku segja svo vera og 59% þeirra sem svara á ensku. Í könnuninni 2019 var hlutfallið 57%.

Börnin voru spurð hvort þau fái tækifæri til að hafa áhrif á það hvernig íþrótt- og tómstundastarf er skipulagt. 39% segja svo vera og 41% sem svara á ensku. 2019 var hlutfallið 42%.

Börnin voru spurð hvort þeim finnst þau geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim líður ekki vel. Flestir nefna umsjónakennara eða annan kennara og starfsmann en um 8% þeirra sem svara könnuninni á íslensku segja að það sé enginn innan skólans sem þau geti leitað til ef þeim líði illa, 15% meðal þeirra barna sem svara könnuninni á ensku. Árið 2019 var þetta hlutfall 7%.




Mynd 14: Spurning: Telur þú að fullorðna fólkið í skólanum þínum viti hvernig á að bregðast við ef barni líður illa, til dæmis ef barni líður ekki vel heima hjá sér?

Loks var spurt hvort börnunum finnst gott að búa í Kópavogi. Af þeim sem svara könnuninni á íslensku segjast 84% sammála eða mjög sammála fullyrðingunni að gott sé að búa í Kópavogi. Sama hlutfall er 67% hjá þeim sem svara könnuninni á ensku. Svörin eru ekki alveg samanburðarhæf við niðurstöður frá 2019 þar sem svarmöguleikarnir voru ekki alveg hinir sömu. 2019 sögðu 94% mjög eða frekar gott að búa í Kópavogi.

Þekking barna á Ungmennaráði, nemendaráði og skólaráði:

Börnin voru spurð hvort ungmennaráð sveitarfélagsins hafi verið kynnt fyrir þeim. 85% þeirra sem svara á íslensku segja svo ekki vera, 94% þeirra sem svara á ensku. Ekki var spurt um þetta í könnuninni 2019. Einnig var spurt hvort þeim finnst þau geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs. Svör beggja hópa voru svipuð eða 66-70% vita það ekki, 6-11% svara því játandi og 22-24% neitandi.

Spurt var hvort nemendur hafi fengið kynningu á nemendafélaginu og skólaráðinu:



Mynd 15: Spurning: Hafa nemendafélag og skólaráð verið kynnt fyrir þér?

Greinilegt er að bæta má kynningar á ungmennaráði, skólaráði og nemendafélögum skólanna. Ungmennaráð hefur þegar verið upplýst um niðurstöðuna hér að ofan og hefur þegar hafist handa við að efla kynningar sínar. Skólar verða upplýstir um þessa niðurstöðu og hvattir til að efla kynningar skólaráða og nemendafélaga. Ekki er sett fram sér aðgerð hvað þetta varðar í aðgerðaáætlun, ekki nema mælingar næsta stöðumats sýni ekki breytingar til hins betra.

Barnaþing

Innan hvers grunnskóla er þriggja manna teymi starfsmanna sem heldur utan um skólaþing hvers skóla, en skólaþingin eru undanfari Barnaþings. Teymin eru skipuð einum fulltrúa kennara, einum frá frístund og einum fulltrúa frá félagsmiðstöð skólans. Teymum allra skólanna var boðið á námskeið um samráð við börn áður en undirbúningur innan hvers skóla hófs. Fenginn var sérfræðingur frá Umboðsmanni Barna og siðfræðingur frá Háskóla Íslands sem fjölluðu um hlustun, samtal og úrvinnslu á áhrifaríkan hátt.

Ungmennaráð kom ekki að því að undirbúa Barnaþing en það sá alfarið um Ungmennanaþing sem haldið er á hverju ári. Bæði þessi þing skiluðu hugmyndum til bæjarstjórnar á sérstökum fundi.

Bæði þingin gengu mjög vel og áhugasöm börn tóku virkan þátt. Barnaþingið hafði skólamál í öndvegi þetta þingið. Þetta var fyrsta Barnaþingið sem haldið var í Kópavogi og jafnvel þótt starfsfólk hefði fengið þjálfun var ákveðið að hafa skólamál sem umfjöllunarefni til að flækjustig yrði ekki of mikið á þessu fyrsta þingi. Á næsta Barnaþingi er stefnt á að börnin geti sjálf komið með þema sem þau vilja að sé til umfjöllunar á þinginu. Barnaþingið var haldið í mars 2022 og álit skilað til bæjarstjórnar í apríl 2022. Skólarnir fengu samantekt um hvernig unnið hefði verið úr helstu tillögum af Ungmennanaþingi og Barnaþingi:

1. Börnin vilja bæta skólaumhverfið:

Sett verður á laggirnar nýtt verkefni undir heitinu „Okkar skóli“ sem lýst verður í aðgerðaáætlun. Markmiðið er að gefa nemendum grunnskóla ákvörðunarrétt um hvernig þau vilja bæta skólaumhverfið með nýtingu árlegrar fjárupphæðar fyrir hvern skóla (bæði leikskólar og grunnskólar).

2. Íþróttir, frístundir og aðstaða til hreyfingar við skólalóðir. Mikilvægt er að öll börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Skoða leiðir og útfærslur á greiðslu æfingagjalda. Annarsvegar að skoða hækkun frístundastyrks eða horft sé til þess að forráðamönnum gefist kostur á að greiða tímagjald.

Í málefnasamningi núverandi meirihluta er gert ráð fyrir að frístundastyrkur hækki úr 56 þúsund í 70 þúsund á kjörtímabilinu (2022-2026). Útfærslan með tímagjaldið er eitthvað sem íþróttafélögin þurfa að skoða hjá sér og taka afstöðu til, þetta er ekki á valdi bæjarins.

3. Sporna gegn matarsóun í grunnskólum Kópavogs.

Samkvæmt upplýsingum frá skólum þá geta nemendur í öllum grunnskólum Kópavogs skammtað sér sjálf á sína diska. Nýverið var haldið námskeið fyrir alla matreiðslumenn og matráði í leik- og grunnskólum Kópavogs þar sem farið var yfir leiðir til að koma til móts við börn sem eru grænkerar. 2021 unnu nokkrir skólar að því saman að ræða matarsóun og var útbúið veggspjald með hugmyndum að leiðum til að draga úr matarsóun. Markmið bæjarins er að vinna þessu máli enn frekari framgang.

4. Auka þekkingu kennara á menntaskólum.

Skólastjórnendur hafa verið beðnir um að rýna fyrirkomulag á undirbúningi í framhaldsskóla og ná samtali við nemendur í 10. bekk hvað þeim finnst mikilvægt að sé haft að leiðarljósi við undirbúninginn.

5. Félagsmiðstöðvar: bæta aðstöðumun og auka fræðslu og fjármagn til að hægt sé að auka opnun fyrir miðstig og auka möguleika á að fá ýmis konar fræðslu fyrir félagsmiðstöðvarnar.

Félagsmiðstöðvarnar fengu á fjárhagsárinu 2022 fjármagn til að nýta til að bæta aðstöðuna í sinni félagsmiðstöð í samvinnu við unglingana. Unnið er að endurgerð viðmiða við forvarnaráætlanir í hverjum skóla og haft er að leiðarljósi í þeirri vinnu skipulag á fræðslu inn í félagsmiðstöðvunum. Fengist hefur fjármagn til að bjóða miðstigi í öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs skipulagt starf um það bil 1x í viku fyrir 5.-7. bekk. Vinnuhópur er þegar starfandi þar sem unnið er að þróun miðstigsstarfs fyrir börn á aldrinum 10-12 ára með það að leiðarljósi að hafa skýrara skipulag á miðstigsstarfi og að efla miðstigsráð innan félagsmiðstöðvanna til að börnin geti haft meiri áhrif á dagskrá og starfsemi miðstigsopnana.

6. Markviss lífsleiknikennsla: má ekki vera val og mikilvægt að lífsleikni detti ekki upp fyrir. Fræðsla sé ekki bara í formi fyrirlestra heldur hluti af verkefnum og kennslunni almennt, meiri umræða og verkefni. Það verður að vera skýrt hvert nemendur geta leitað ef farið er yfir mörk eða ef þeir upplifa fordóma.

Skoðað verður hvernig lífsleiknikennsla er háttað í hverjum skóla og góð verkefni sem eru að ganga vel kynnt fyrir þeim sem standa að lífsleikni. Samhliða því verður skoðað

hvernig hægt er að koma að meiri umræðu og fræðslu t.d. um rasisma, fordóma, ást, mörk og kynlíf. Í framhaldi af þeirri skoðun verða mögulegar leiðir skoðaðar.

7. **Sundkennsla.** Taka sundpróf í 8.bekk, ef þú nærð því þá er sund val í 9. og 10. bekk. Það þarf samt að vera annað hæfnipróf og upprifjun í 10. bekk til að sýna fram á að þú hafir viðhaldið hæfninni. Það þarf að vera kynlaus einstaklings klefi eða útiklefi í öllum sundlaugum og/eða lokaður klefi inni í kynjuðum klefum.

Það er þegar kynlaus klefi í sundlaug Kópavogs. Í sundlauginni í Versölum er einnig klefi sem hægt er að nota í þessum tilgangi. Til stendur að uppfæra þann klefa, vonandi 2023, svo hann nýtist fleirum en aðgengi í dag er takmarkað þar sem aðeins einn aðili eða fjölskylda geta notað klefann í einu.

8. **Fá fjármálafræðslu á mið- og unglingastig í alla grunnskóla í Kópavogi.**

Hvetja þarf skóla til að taka samtal við nemendur um hvað vantar í kennslu um fjármálalæsi. Skoða mætti að gera meira með fjármálaleiki í hverjum skóla.

Sérfræðihópar barna

Þar sem Kópavogsbær hefur verið í mikilli vinnu meðal leikskólabarna í tengslum við Réttindaskóla var ákveðið að samnýta þá vinnu sem þar hefur verið unnin og að leikskólaborn væru sérfræðihópurinn í þessum endurnýjunarhring viðurkenningar Kópavogs sem Barnvænt sveitarfélag Unicef. Það er í fullu samræmi við það sem stýrihópur ákvað í fyrsta hring. Þá var meiri fókus á jaðarhópa grunnskólabarna og ekki náðist þá að vinna mikið með yngsta aldurhópnum. Barnþing 2022 náði ekki til þessa aldurshóps og því enn frekari ástæða til að vinna með honum núna, enda mikilvægt að byrja snemma að byggja upp lýðræðislegt umhverfi og styrkja börnin í þátttöku, hlustun og framsetningu þannig að þau geti tekið þátt í uppbyggilegri gagnrýni og endurbótum á samfélaginu okkar.

Fagaðilar leikskólanna sáu um samtölin við börnin og byggðu á efni og leiðbeiningum Réttindaskóla Unicef. Rætt var við börn mismunandi deilda í leikskólunum til að kalla fram viðhorf sem flestra. Aðferðafræðin var nokkuð misjöfn og hópar misstórir, allt frá tveimur börnum upp í tólf saman. Oft sátu þau saman í hring og æfðu sig í að hlusta og svara leiðbeinandi spurningum Réttindaskólanna. Í framhaldinu var unnin samantekt á skoðunum leikskólabarnanna sem var svo nýtt í aðgerðaáætlanir innan þátttakandi leikskóla og í aðgerðaáætlun Barnvæns sveitarfélags eins og við á.

„Þá myndi ég bara hjálpa honum³“

Í umræðum um hvort leikskólinn sé góður staður fyrir öll börn kom stundum fram að svo sé ekki. Hjólastólar taki pláss sem sé ekki alltaf til staðar og því gæti verið keyrt yfir tær annarra barna. Það væri heldur ekki auðvelt að fara allstaðar um á hjólastól, til dæmis vegna þess að það væri enginn rampur. Þá gætu börn í hjólastól „klesst á og farið að gráta“ eða einhver sem er að hjóla og horfa til hliðar keyrt óvart á þann sem er blindur. Í sumum leikskólum töldu börnin skólann góðan fyrir öll börn og nefndu dæmi

³ Orð leikskólabarns í umræðum um jafnræði barna.

sér til stuðnings um að barn sem sjái illa í þeirra leikskóla fái stuðning og annað barn með downs heilkenni taki þátt í leikjunum með þeim.

Börnin voru lausnarmiðuð og tilbúin til að hjálpa þeim sem þurfa á aðstoð að halda og að blind börn gætu komið með hunda til að hjálpa sér að fara um. Börnin eru almennt viljug til að hjálpa þeim sem minna mega sín og nefndu sem dæmi að hjálpa þeim sem eru fátækir eða veikir. Hjálpsemi gagnvart öðrum börnum væri eitt af því sem þau séu að læra um varðandi réttindi barna.

„....ég er bara leiður og sorgmæddur þegar einhver meiðir mig“⁴

Börnin voru sammála um að ekki ætti að meiða aðra en að stundum væru börn að rífast um eitthvað og fara að gráta og að stundum væri hreinlega ráðist á mann út af engu. Mest virðist þó vera um að tekist sé á um dót og að það þurfi að læra að tala saman, skiptast á og reyna að vera sanngjörn og góð hvert við annað. Þá er stundum verið að skilja útundan en börnin sammæltust um að það yrði að hjálpa þeim börnum sem eru að skilja útundan svo þau hætti þessu og líka að þau átti sig á að þau geti ekki alltaf ráðið öllu.

Börn vilja gjarnan ráða meiru og taka þátt í undirbúningi við verkefni eða annað starf þó þau ættu stundum erfitt með að segja hverju þau myndu helst vilja ráða meira um. Barnaráð eða réttindaráð barna verða því kjörinn vettvangur fyrir börn til að taka raunverulegan þátt í leikskólastarfinu. Í slíkt starf væri hægt að velja með slembiúrtaki (draga miða úr íláti). Birtingarform aukinnar þátttöku þeirra var til dæmis áhugi á að taka þátt í því hvað sé í matinn.

Þótt þekking margra leikskólastarfsmanna sé mikil á Barnasáttmálanum má alltaf bæta þekkinguna bæði meðal barna, starfsfólks og foreldra. Margir leikskólanna hafa lengi tekið þátt í Vináttuverkefni Barnaheilla og hefur það reynst vel. Gott er að nýta þann vettvang enn betur og meta árangur af því starfi svo sem með því að spyrja börnin hvort börn séu góð við hvort annað í leikskólanum og bera saman milli ára. Kópavogsbær mun halda áfram að leggja áherslu á að leikskólar bæjarins verði Réttindaskólar og styðja við það starf á grundvelli þarfa hvers leikskóla.

Álag á börnum:

Þar sem börn, sérstaklega börn sem komin eru í framhaldsskóla, hafa í rýnihópasamtölum (fyrri stöðugreining) talað um álag og gjarnan sett það í samhengi við launaða vinnu, var ákveðið að rétt væri að gera könnun á álagi á börnum. Könnunina átti að gera haustið 2020 en vegna covid var henni frestað.

Þar sem bærinn var að fara af stað með könnun meðal grunnskólabarna haustið 2022 vegna viðhalds viðurkenningar Unicef sem Barnvænt sveitarfélag, var ákveðið að setja nokkrar spurningar um álag með í þá könnun. Þar sem áhugi var á að reyna að átta sig á því hvort þátttaka í launaðri vinnu gæti haft áhrif á námsárangur barnanna, mældan

⁴ Orð leikskólabarns í umræðum um stríðni og einelti.


með einkunnagjöfnni frá D til A (hæst), var jafnframt spurt um einkunnir í nokkrum námsgreinum.

Spurt var hvort börnin upplifi mikið álag vegna eftirfarandi þátta:

- Heimanáms
- Skólanáms
- Heimilisstarfa
- Íþróttæfinga
- Annarra tómstunda og félagsstarfa
- Launaðrar vinnu

Hæst skorar álag vegna skólanáms þar sem 39% svarenda segist upplifa mikið eða of mikið álag vegna skólanámsins. Þar á eftir komu íþróttæfingarnar þar sem 30% sögðu upplifa mikið eða of mikið álag vegna íþróttæfinga.

Upplifun álags vegna heimanáms var lægra (26%) en um 47% barnanna segja það hæfilegt:




Mynd 16: Spurning: Hversu mikið álag upplifir þú vegna heimanáms?

60% barna sem svöruðu á ensku töldu heimanámið hæfilegt. Þetta verður að teljast nokkuð eðlileg normaldreifing enda barnahópurinn fjölbreyttur.

Álag vegna launaðrar vinnu og einkunnir nemenda

Til að öðlast skilning á því hvort álag vegna launaðrar vinnu geti mögulega haft áhrif á námsárangur barna var spurt um einkunnir nokkurra námsgreina en hér látum við duga að skoða mögulegt samband við stærðfræði.

Þegar kom að spurningu um launaða vinnu sagði 63% svarenda að spurningin ætti ekki við sem túlka má þannig að flest börnin séu ekki í launaðri vinnu. Af þeim 37% sem eftir standa telur tæpur helmingur álag vegna launaðrar vinnu þeirra „hæfilegt“, sjá mynd 17:




Mynd 17: Spurt var um álag vegna launaðrar vinnu.

Í þessari könnun voru það einungis 15 börn sem upplifa of mikið álag vegna launaðrar vinnu. Sé námsárangur þessara 15 barna skoðaður kemur í ljós að helmingur þeirra er með B/B+/A sem einkunn í stærðfræði og helmingur með D/C+/C. Vegna lítils fjölda er ekki hægt að draga neinar almennar ályktanir af þessum niðurstöðum en varðandi þennan tiltekna hóp svarenda mætti segja að í helmingi tilfella þá komi álag vegna launaðrar vinnu ekki niður á námsárangri barnanna, þar sem lítið er sem svo á að einkunn frá B og hærra sé góður námsárangur.

Ekki er hægt að fullyrða að álag vegna launaðrar vinnu sé að hafa neikvæð áhrif á námsárangur helmingi barnanna þar sem svo margt annað hefur áhrif. Álag og námsárangur gæti verið áhugavert að skoða frekar en til þess að gera það þarf mun stærri rannsókn þvert á sveitarfélög. Unicef gæti mögulega leitt slíka rannsókn. Heppilegra væri þó að slík rannsókn yrði gerð meðal framhaldsskólanemenda þar sem það voru helst þeir nemendur sem töluðu um álag í fyrra stöðumati. Ekki er hægt að einkorða rannsókn á framhaldsskólanemendum við eitt sveitarfélag þar sem börn fara í framhaldsskólana milli sveitarfélaga á höfðaborgarsvæðinu og jafnvel víðar.

Álag vegna skólanáms og einkunnir nemenda

Þar sem upplifað álag var hvað hæst í tengslum við skólanám var einkunnamunstur barnanna skoðað í samhengi við upplifun þeirra á álagi þar sem hópnum hefur verið skipt í þrjá hópa eftir svörum; a) mikið eða of mikið álag vegna skólanáms, b) hæfilegt álag vegna skólanáms og c) lítið eða of lítið álag vegna skólanáms.



Mynd 18: Hlutfall nemenda sem fá einkunnir frá D-A í stærðfræði eftir því hversu mikið álag þau upplifa af skólanámi. Einkunnir gefnar í tölustöfum þar sem A er hæst.


Eins og sjá má á mynd 18 er einkunnadreifingin nokkuð svipuð hjá öllum hópunum. Þannig er ekki hægt að fullyrða að álagið vegna skólanáms, hjá þeim börnum sem þátt tóku í könnuninni, sé beintengt einkunnagjöf í stærðfræði barnanna.

Ekki er talin ástæða til að skoða þetta frekar hjá grunnskólabörnun í Kópavogi en áhugavert væri að skoða þessar tengingar hjá börnum í framhaldsskólum þvert á sveitarfélög.

Vinnuaðstaða

Þar sem ekki náðist að kanna viðhorf barna til vinnuaðstöðu í skólanum vegna covid, eins og stefnt var að í síðustu aðgerðaáætlun, var ákveðið að spyrja nokkurra spurninga í viðhorfsskönnuninni sem keyrð var í tengslum við nýtt stöðumat.

77% barna telja vinnuaðstöðu sína góða eða mjög góða, 17% hvorki né og 5% lélega eða mjög lélega.



Mynd 19: Spurning: Hvernig finnst þér vinnuaðstaða vera í skólanum þínum?


Börnin voru spurð hvort eitthvað mætti betur fara varðandi vinnuaðstæður þeirra í skólanum. Ekki er hægt að leggja hér fram tæmandi lista af þeim efnislegu atriðum sem börnin nefndu en oftast var talað um að stólarnir mættu vera betri. Nokkrir nefndu betri baðherbergi og aðeins meira „kósí“ stofur. Ein athugasemd kom um að það mætti bæta við klósettum fyrir kynsegin fólk. Loks var maturinn gjarnan nefndur og að gott væri ef börnin mættu hafa meiri áhrif á matseðilinn. Vatn á ganginn var nefnt einu sinni.

Það sem var þó oftast nefnt var hávaði og lítill friður til náms. Algengar athugasemdir voru:

- „minni læti og meiri þögn“
- „fá betri vinnufrið“
- „haft meiri þögn“
- „minni læti / einbeita sér“
- „það mættu vera minni læti“
- „meira hljóð í tímum“
- „Mér finnst að það vantar stofu fyrir frið“
- „Ég væri til í að hafa svona vinnuherbergi, þar sem þetta er bara svæði sem er hljóðlaus og maður getur náð að vinna í friði.“

Eins var nefnt að minnka mætti ofbeldi, slagsmál og ljót orð og hafa meiri gæslu í útivist. Vera meira góð við hvort annað. Eitt barn nefndi „Hætta að stríða með því hvernig húðlit ég er með“.

Spurt var hvort börnin væru ánægð með skólalóðina. 71% segjast ánægð eða mjög ánægð, 21% hvorki né og 8% óánægð eða mjög óánægð. Þegar spurt var hvað mætti betur fara nefndu nokkrir fleiri leiktæki, nokkrir nefndu skólahreystivöll, nokkrir aparólu og nokkrir nefndu að fá frekar gervigrasvöll en malarvelli.



Mynd 20: Spurning: Ertu ánægð(ur) með skólalóðina?

Þessar niðurstöður benda til þess að almennt séu börn ánægð með vinnuaðstæður sínar og skólalóðirnar. Því verður ekki sett fram sérstök aðgerð hvað þetta varðar í næstu aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar, nema „Okkar skóli“. Aðgerðin „Okkar skóli“ gerir börnum kleift að ráðstafa fé til að hafa áhrif á vinnuaðstæður í skólanum sínum. Í „Okkar skóla“ eru það börn sem ráða sjálf hvernig tiltekinni upphæð er ráðstafað til að gera skólann þeirra betri. Þetta gildir fyrir bæði leikskóla og grunnskóla.

Skoða þarf vel athugasemdir barnanna um hávaða í skólunum og verða þessar ábendingar barnanna, sem og aðrar ábendingar sendar til allra skólanna með óskum um að skoða þessar ábendingar og bregðast við innan hvers skóla.

Samantekt stöðumats

Hér líkur umfjöllun um umfangsmikið stöðumat Kópavogsbæjar þar sem reynt er að rýna mál frá mismunandi sjónarhornum. Ljóst er að ýmislegt hefur áunnist í fyrsta hring bæjarins sem Barnvænt sveitarfélag. Enn er þó af nógu að taka í samstarfi okkar um að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Líta þarf á barnahópin sem heild og fagna góðum árangri og líðan fjölmargra barna sem eru að standa sig vel og eru alveg til fyrirmyndar í námi, íþróttum og félagsstörfum á sama tíma og muna þarf eftir jaðarhópum þar sem eru börn sem þurfa sérstaka aðstoð og umhyggju.

Verkefnið Barnvænt sveitarfélag er viðvarandi en með takmarkaðar auðlindir bæði í mannafla og fé þarf að forgangsraða og ekki hægt að ráðast á alla veikleika á sama tíma þótt mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því hvar veikleikarnir liggja. Þá breytist samfélagið stöðugt og nýjar áskoranir koma upp sem þarf að taka mið af.

Við gerð aðgerðaáætlunar eru ýmis verkefni sem verður ráðist í en auk þeirra sem þar koma fram þarf að bæta kynningar á nefndum og ráðum innan skólanna, t.d. kynningu á ungmennaráði og verður því komið á framfæri við rétta aðila. Þá þarf stöðugt að efla þekkingu á réttindum barna og gerum við ráð fyrir að með auknum fjölda Réttindaskóla náum við að auka þekkinguna til muna auk þess sem fræðsluefni frá Unicef - Akademia muni gagnast vel.

Í viðhorfskönnuninni kom fram almenn ánægja með skólana og skólalóð en hugmyndum barnanna varðandi endurbætur verður komið til stjórnaenda viðeigandi sviða og til allra grunnskólanna.

Eitt af því sem Kópavogsbær hefur ekki undirbúið er „Barnvænt hagsmunamat“ (Child impact assessment). Við vitum þó að þetta er mikilvægt verkfæri og stefnum á að þróa það í þriðja hring verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. Kópavogsbær er að vinna með verkefnið lýðheilsumat sem nýtist líka börnum og getur vonandi gefið okkur reynslu sem við getum byggt á þegar við hefjum þróun á Barnvænu hagsmunamati.

Almennt er mikilvægt að leggja áherslu á gagnkvæma virðingu, sleppa ljótu orðunum og vinna saman í að byggja upp jákvætt og sterkt samfélag þar sem allir geta fengið tækifæri til að blómstra á sínum forsendum. Þetta verður haft að leiðarljósi við gerð aðgerðaáætlunarinnar sem jafnframt mun styðjast við niðurstöður stöðumats.

Fylgiskjal: Samantekt leiðbeinandi gátlista

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



Leiðbeinandi spurningalistar - gátlistagreining

Þessum leiðbeinandi spurningalistum er ætlað að styðja stýrihóp Barnvæns sveitarfélags í stöðumati sínu á réttindum barna innan sveitarfélagsins. Vel hefur reynst fyrir stýrihópa að skipta sér í minni hópa og skipta þannig með sér listunum, þá getur verið gott að hafa í huga hvar styrkleikar stýrihópsmeðlima liggja. Meðlimir stýrihópsins hafa ekki svörin við öllum spurningum og er þá mikilvægt að upplýsinga sé aflað hjá þeim aðilum innan sveitarfélagsins sem hafa svörin.

Athugið að spurningarnar eru leiðbeinandi og ekki er um að ræða tæmandi spurningalista til þess að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Listunum er ætlað að fá meðlimi stýrihópsins til þess að setja upp barnaréttindagleraugin og skoða starfsemi sveitarfélagsins með gagnrýnum augum.

Niðurstöður spurningalistanna nýtir stýrihópurinn til þess að greina hvaða aðgerðir eigi heima í aðgerðaáætlun fyrir Barnvænt sveitarfélag en þannig eru þær settar í forgang. Önnur gögn sem stýrihópurinn nýtir til þess að greina hvaða aðgerðir skuli ráðist í eru niðurstöður spurningakannana sem lagðar eru fyrir börn og starfsfólk, niðurstöður barnaþings og niðurstöður úr viðtölum við sérfræðihópa barna.

Þegar spurningalistunum er svarað skal skrá skriflegt svar í gluggann sem heitir „svar“ og er staðsettur undir hverri og einni spurningum Síðan skal lita boxið undir „litakóðun“ þar sem:

Grænn stendur fyrir að staðan sé góð innan sveitarfélagsins og að ekki sé þörf fyrir úrbætur.	Gulur stendur fyrir ágæta stöðu en að gera megi betur.	Rauður stendur fyrir ófullnægjandi stöðu og að mikilvægt sé að fara í úrbætur.
---	--	--

Athugið að það getur verið jákvætt að sjá mikið af gulum lit, það þýðir að tækifæri eru til úrbóta en þarf ekki að þýða að sveitarfélagið sé að standa sig illa. Við hvetjum ykkur líka til þess að hræðast ekki rauða litinn, það er mikilvægt að vinna að úrbótum varðandi þau atriði sem eru rauðlituð.

Grunnpáttur 1 – Þekking á réttindum barna

Barnasáttmálinn leggur ríka skyldu á opinbera aðila um að fræða fullorðna og börn um þau réttindi sem í sáttmálanum eru, með virkum og markvissum hætti (42. grein). Þau sveitarfélög sem vinna að því að innleiða Barnasáttmálann þurfa því að vinna markvisst að því að efla þekkingu á réttindum barna innan sveitarfélagsins og gæta þess að réttindin séu virt.

Til að börn geti notið réttinda sinna er nauðsynlegt að bæði börn og fullorðnir þekki réttindin, skilji inntak þeirra og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og umhverfi barna (4. grein). Ítarleg fræðsla og upplýsingar um réttindin eykur líkur á að þau séu virt. Sömuleiðis eru þau börn sem þekkja réttindi sín mun líklegri til að bera virðingu fyrir réttindum annarra. Með því að auka skilning á réttindum er hægt að hafa áhrif á vinnuferla, viðhorf og þjónustu sem sveitarfélagið veitir.

Fræðsla um réttindi barna þarf að vera kerfisbundin og samfelld og má því ekki byggjast á afmörkuðu átaki. Börn læra ekki að virða réttindi annarra eða standa vörð um eigin réttindi með því einu að lesa eða heyra um Barnasáttmálann – það þarf þjálfun og reynslu til (3. og 12. grein). Það þarf að tryggja að umhverfi barna sé þannig að borin sé virðing fyrir réttindum þeirra. Vitundarvakning um réttindi barna er ferli sem er einungis trúverðugt ef fullorðnir og börn vinna saman, þannig er fræðslan lærdómsferli fyrir bæði fullorðna og börn.

Leiðbeinandi spurningalisti 1 – Þekking á réttindum barna

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Almennt

- Er vísað í Barnasáttmálann í stefnumótandi skjölum sveitarfélagsins t.d fjárhagsáætlun, aðalskipulagi, mannréttinda-, jafnréttis-, velferðar- og/eða skólastefnu o.s.frv.?

Svar	Litakóðun
Já, markvisst gert eftir innleiðingu Barnasáttmálans	

Réttindafræðsla

- Fá börn í grunnskólum sveitarfélagsins fræðslu um mannréttindi og réttindi barna?

Svar	Litakóðun
Allir grunnskólar sem eru réttindaskólar Unicef. Margir aðrir skólar leggja sérstaka áherslu á Barnasáttmálann og eins og kveðið er á í aðalnámsskrá í grunnpáttum menntunar að fræða um lýðræði og mannréttindi. Útfærslan getur verið mismunandi.	

- Fá börn í leikskólum sveitarfélagsins fræðslu um mannréttindi og réttindi barna?

Svar	Litakóðun
Mikið er lagt upp úr fræðslu um réttindi barna og með tilkomu fjölgandi leikskólum sem Réttindaleikskólar Unicef verður þetta starf enn markvissara og öflugra.	

- Ef já:
 - Er réttindafræðsla hluti af skólanámskrám leik- og grunnskóla?

Svar	Litakóðun
Grunnbættir menntunar í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla eru mannréttindi og lýðræði auk fleiri þátta eins og læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Skólarnir í Kópavogi leggja áherslu á að uppfylla þessa fræðslu og þá ekki síst með tilliti til réttinda barna.	

- Er réttindafræðslan regluleg, markviss og samfelld?

Svar	Litakóðun
Á mennta- og velferðarsviði er hún það en gætum bætt okkur á öðrum sviðum.	

- Hvaða aldurshópum er boðin réttindafræðsla?

Svar	Litakóðun
Allir aldurshópar fá réttindafræðslu við hæfi. Réttindaskólarnir styðja enn betur við þessa fræðslu innan skólanna og meðal barnanna.	

- Hafa kjörnir fulltrúar og starfsfólk sveitarfélagsins fengið fræðslu um réttindi barna?

Svar	Litakóðun
Að hluta til já en gætum gert mun betur hér.	

- Ef já:
 - Hefur starfsfólk og kjörnir fulltrúar fengið þjálfun og fræðslu í að vinna með réttindi barna og setja þau í samhengi við við störf sín?

Svar	Litakóðun
Ekki allir en þeir sem koma að vinnunni við innleiðingu Barnasáttmála og Réttindaskólanna, frístundar og leikskólanna.	

- Hefur starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum fengið þjálfun í að vinna með réttindi barna og setja þau í samhengi við störf sín

(leikskólakennarar, grunnskólakennarar, starfsfólk félagsmiðstöðva, frístundaheimila, ungmennahúsa, íþróttahúsa, sundlauga, starfsfólk félagsþjónustu og barnaverndar)?

Svar	Litakóðun
Bærinn sem slíkur sér ekki um slíka þjálfun. Hinsvegar sækir starfsfólk mennta- og velferðarsviðs á hverju hausti ýmis námskeið sem tengjast starfi þeirra með börnum.	

- Er réttindafræðsla hluti af starfsþjálfun nýs starfsfólks?

Svar	Litakóðun
Ekki enn en verður það væntanlega með tilkomu Unicef - Akademia	

- Er tryggt að starfsfólk fái reglulega endurmenntun um réttindi barna?

Svar	Litakóðun
Ekki hjá bænum sem slíkum heldur hjá sviðum og deildum sem vinna með börnum.	

- Hefur ungmennaráð sveitarfélagsins fengið réttindafræðslu og er sú fræðsla markviss?

Svar	Litakóðun
Já en þarf að tryggja að sé árlegt þar sem nýir aðilar koma inn árlega.	

- Ef já:
 - Er nýjum meðlimum í ráðinu boðin slík fræðsla við upphaf starfsársins?

Svar	Litakóðun
Það er ekki alveg nógu markvisst	

- Miðlar sveitarfélagið upplýsingum til starfsfólks, barna og annarra íbúa um hvernig bregðast skuli við í tilvikum þar sem brotið er á réttindum barna?

Svar	Litakóðun
Til barna og starfsfólks sem vinnur með börnum en ekki til hins almenna íbúa nema með upplýsingum á heimasíðu bæjarins.	

- Ef já:
 - Eru þessar upplýsingar aðgengilegar og auðlesanlegar bæði fyrir börn og fullorðna?

Svar	Litakóðun
------	-----------

Á heimasíðu bæjarins er almenningur hvattur til að tilkynna til barnaverndar ef áhyggjur eru af aðstæðum barns; „Tilkynna þarf um bágan aðbúnað barns, óviðeigandi uppeldisaðstæður og um áhættuhegðun“. Líka er mikilvægt að tilkynna ef áhyggjur eru af lífi ófæddes barns.

Grunnpáttur 2 – Það sem barni er fyrir bestu

Ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans er að það sem barni er fyrir bestu, skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir er varða það (3. grein). Af þessari forsendu leiðir m.a. að hagsmunir barna eigi að vera hafðir að leiðarljósi í allri starfsemi barnvæns sveitarfélags. Ef hagsmunir barna og fullorðinna vegast á, vega hagsmunir barna þyngra. Áður en mótaðar eru stefnur, fjárhagsáætlanir og reglur eða ákvarðanir teknar á vettvangi sveitarfélagsins ætti að greina og meta hvort og hvaða áhrif þær geti haft á hagsmuni og réttindi barna.

Barnvænt hagsmunamat

Við allar stærri ákvarðanir innan sveitarfélags er mælt með því að hagsmunir og réttindi barna séu metin með formlegum hætti, með gerð svokallaðrar afleiðingagreiningar (*Child impact assessment*). Á þetta bæði við um ráðstafanir er varða börn með beinum hætti og ráðstafanir sem eru líklegar til að hafa óbein áhrif á hagsmuni barna.

Þegar mat er lagt á hvað teljist barni/börnum fyrir bestu, skiptir máli að huga að réttindum barnsins í víðu samhengi, m.a. út frá grundvallarforsendum Barnasáttmálans. Þannig er til dæmis mikilvægt að huga að jafnræði og tryggja að börnum sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti (2. grein). Þá skiptir miklu máli að börn fái tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif í málum er varða þau með einum eða öðrum hætti (12. grein). Almennt er ekki hægt að meta hvað sé börnum fyrir bestu nema taka tillit til sjónarmiða þeirra. Einnig getur verið gott að leita eftir sjónarmiðum þeirra sem starfa með börnum og umgangast þau í daglegu lífi. Sömu leiðis þarf að horfa til rannsókna og þekkingar á þörfum og stöðu barna sem til er á hverjum tíma. Mat á því hvað er barni eða börnum fyrir bestu hverju sinni verður ávallt að ráðast af heildarmati á ofangreindum forsendum. Að tekið sé tillit til réttinda barna, sjónarmiða þeirra, þeirrar þekkingar sem til er á hverjum tíma og síðast en ekki síst, aðstæðum hverju sinni.

Fjárhagsáætlun og réttindi barna

Fjárhagsáætlun er eitt öflugasta verkfærið sem sveitarfélag hefur til að uppfylla þær kröfur sem Barnasáttmállinn gerir til stjórnvalda. Í 4. grein sáttmálans kemur m.a. fram að stjórnvöld eigi að forgangsraða málefnum barna og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að réttindi þau sem viðurkennd eru í sáttmálanum komi til framkvæmda, að því leyti sem sveitarfélögin hafa bolmagn til. Mikilvægt er að þeir sem koma að því að móta fjárhagsáætlun séu meðvitaðir um þetta og fái fræðslu um réttindi barna. Einnig má benda á mikilvægi þess að gefa börnum tækifæri til þess að hafa áhrif á

fjárhagsáætlunargerð. Það má t.d. gera með því að bera hana undir ungmennaráð. UNICEF bendir á sérstakt námsefni fyrir börn sem þjálfar þau í því að mynda sér skoðun á fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaga sem hægt er að nálgast með því að senda póst á barnvaensveitarfelog@unicef.is.

Leiðbeinandi spurningalisti 2 - Það sem barninu er fyrir bestu

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Hagsmunir barna

- Er til staðar einhverskonar verklag til að tryggja að tekið sé mið af réttindum barna við ákvarðanir innan sveitarfélagsins?
 - Á hvaða sviðum sveitarfélagsins er slíkt verklag til staðar?

Svar	Litakóðun
Á þeim sviðum sem mest vinna með börnum eru til verkferlar þar sem tekið er mið af réttindum barna. Þetta á ekki síst við velferðarsvið og menntasvið. Þetta má mögulega bæta á öðrum sviðum.	

- Gerir sveitarfélagið einhverskonar barnvænt hagsmunamat við allar stærri ákvarðanir er hafa bein eða óbein áhrif á hagsmuni barna?

Svar	Litakóðun
Ekki gert markvisst en að hluta til í gegnum Ungmennaráð og barnáþingmenn	

- Er tekið mið af upplýsingum og rannsóknum um börn og hagsmuni þeirra við ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins sem hefur áhrif á börn?

Svar	Litakóðun
Já, það er gert.	

- Er til staðar verklag til að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða og reynslu barns/barna sem málið varðar áður en metið er hvað er talið þeim fyrir bestu?

Svar	Litakóðun
Já, erum stöðugt að bæta okkur í þessu. Sumt er lagaleg skylda. (Mat á stuðningsþörfum barna - rætt við foreldra eingöngu). Gætum bætt okkur hvað varðar umhverfis- og samgöngumálin. Verkefnið "Okkar skóli" bætir úr þessu.	

- Er sérstakur starfsmaður innan sveitarfélagsins sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með innleiðingu Barnasáttmálans?
 - Hefur viðkomandi nægilegt umboð til að sinna sínu hlutverki?

Svar	Litakóðun
Já	

Grunnpáttur 3: Jafnræði - Að horft sé til réttinda allra barna

Jafnræði - bann við mismunun er ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans (2. grein). Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Þessi forsenda er grunnstef í hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga.

Þegar unnið er að því að efla jafnræði meðal barna er nauðsynlegt að skoða jafnræði út frá ólíkum forsendum. Sveitarfélag ætti að stuðla að jafnræði í allri sinni vinnu, jafnréttisáætlanir og mannréttindastefnur ættu að taka mið af því að börn og ungmenni eru víðtækur og fjölbreyttur hópur á breiðu aldursbili. Til að tryggja aukið jafnræði meðal barna er þörf fyrir markvissa vinnu sem miðar að því að; draga úr fordómum, breyta viðhorfum, vinna úr tölfræðilegum gögnum um stöðu barna og mótun markvissrar stefnu með virku samráði við börn.

Þegar kemur að stefnumótun er mikilvægt að sveitarfélag safni upplýsingum um lífsskilyrði barna og haldi til haga í gagnagrunni. Bent er á sérstakt mælaborð um velferð barna sem sem mennta- og barnamálaráðuneytið heldur utan um en það verður aðgengilegt öllum sveitarfélögum frá og með árinu 2023. Með því að nota mælaborðið á sveitarfélag auðveldara með að greina hvar aðgerða er þörf og þá gerir mælaborðið það einnig einfaldara að mæla árangur milli ára og bera sig saman við önnur sveitarfélög.

Við gagnagreiningu skal leitast við að greina viðkvæma hópa barna þannig að hægt sé að beita markvissum aðgerðum til að bæta stöðu þeirra. Einnig er mikilvægt að sveitarfélagið nálgist þessa hópa og eigi við þá samtal og samráð. Þekking umræddra hópa er mikilvæg og nýtist sveitarfélaginu við að vinna gegn mismunun. Oft getur verið nauðsynlegt að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja að t.d. börn af erlendum uppruna, börn með sérþarfir eða börn á forræði barnaverndar fái tækifæri til að hafa áhrif á málefni er varða þau. Oft getur verið erfitt að ná til þeirra hópa sem eru á jaðrinum félagslega eða búa við viðkvæmar aðstæður. Upplýsingarnar sem slíkir hópar búa yfir eru þó mikilvægar þar sem þeir nýta oft þjónustu sveitarfélagsins hvað mest. Til að auðvelda upphaf samtals við viðkvæma hópa er hægt að styðjast við hagnýtar leiðbeiningar sem eru aðgengilegar umsjónarmönnum verkefnisins.

Að greina mismunun og efla jafnræði krefst kerfisbundinnar fræðslu innan sveitarfélags og stofnana þess. Rýna þarf vinnulag í ólíkum málaflokkum, með það fyrir augum að

meta hvort það takmarki eða útiloki ákveðna hópa barna og ungmenna frá þátttöku í verkefnum og þjónustu.

Leiðbeinandi spurningalisti 3: Jafnræði – Að horft sé til réttinda allra barna

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Ekki þarf að uppfylla öll upptalin atriði, en mikilvægt er að velja þeim fyrir sér. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Áætlanir og stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins

- Hefur jafnréttisáætlun og mannréttindastefna verið gerð innan sveitarfélagsins?
 - Tekur áætlunin/stefnan mið af börnum og ungmennum og fjölbreytileika þeirra?
 - Er tekið sérstakt tillit til viðkvæmra hópa barna?

Svar	Litakóðun
Já	

- Er tekið tillit til fjölbreytileika barna og réttar þeirra til jafnræðis í öðrum stefnumótandi skjölum?

Svar	Litakóðun
Já	

- Ef já:
 - Í hvaða stefnumótandi skjölum er það gert og með hvaða hætti?

Svar	Litakóðun
Nýjar stefnur bæjarins taka ávallt mið af réttindum barna og viðkvæmra hópa, svo sem stefnur sviðanna, mannréttindastefna og lýðheilsustefna svo dæmi sé tekin. T.d. segir í stefnu velferðarsviðs: „ <i>Einstaklingum með fötlun, langveikum börnum, og eftir atvikum foreldrum barna með fötlun eða langvinna sjúkdóma, skal standa til boða stuðningur sem miðar að aukinni félagslegri færni, stuðning sem miðar að því að efla sjálfstæði til að búa á eigin heimili og eftir atvikum að styrkja foreldra eða forráðamenn í uppeldishlutverki sínu</i> “ T.d. segir í stefnu menntasviðs: „ <i>Menntun í Kópavogi byggir á stefnu stjórnvalda um Menntun fyrir alla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í heildarstefnu Kópavogsbæjar. Áhersla er lögð á að hlustað sé á raddir barna og ungmenna og þau hvött til áhrifa og ábyrgðar.</i> “	?

Jafnræði

- Hvaða áætlanir, regluverk og verkferlar eru til staðar innan sveitarfélagsins sem miða að því að tryggja jafnræði meðal barna og fyrirbyggja mismunun t.d. á grundvelli búsetu, aldurs, fötlunar, kynvitundar, tungumáls o.s.frv.

Svar	Litakóðun
Stöðugt er verið að leita leiða til að fá álit yngri barna og barna og fjölskyldna með sérþarfir. Þá fær t.d. allt starfsfólk skóla fræðslu vegna kynvitundar og kynhneigðar.	

- Hvaða aðgerðir sveitarfélagsins hafa miðað að því að efla jafnræði og vinna gegn mismununun?
 - Í stjórnsýslu og annarri starfsemi sveitarfélagsins?
 - Í umhverfi barna og í þjónustu sem þeim er veitt?
 - Til að hafa áhrif á viðhorf íbúa, fullorðinna og barna?
 - Nefnið dæmi um hvað sveitarfélagið hefur gert gott á þessu sviði?
- Er eitthvað sem þið sjáið strax að þarfnist úrbóta?

Svar	Litakóðun
Já að einhverju leyti. Dæmi: frítt í sund, Verkefnið „Vertu með“, Heilahristingur (Rauða Krossins), Velkomin verkefnið fyrir erlend ungmenni. Sérstækt hópastarf í félagsmiðstöðvunum. Sumarstörf ungmenna. Ungmennaráð starfar sem leitað er álits hjá.	

- Eru til staðar siðareglur, eða annað álíka, sem starfsfólk sveitarfélagsins kynnrir sér og skrifar undir við ráðningu, þar sem áhersla er lögð á að starfsfólk skuli vera sérstaklega meðvitað um að mismuna ekki börnum, koma vel fram við öll börn og bregðast við ef þau verða vör við mismununun?
 - Á þetta við um allt starfsfólk eða aðeins ákveðna hópa starfsfólks?
 - Eru siðareglurnar reglulega kynntar starfsfólki?
 - Nýtir sveitarfélagið sér aðrar leiðir til að minna á mikilvægi þessa?
 - Er skýrt hvernig starfsfólk skuli bregðast við mismununun þar sem hún birtist?
 - Hefur starfsfólk nægar upplýsingar og þekkingu til þess að greina mismununun?
 - Er starfsfólk minnt á mikilvægi jafnræðis í daglegum samskiptum (t.d. í talsmáta, athæfi, orðanotkun og látbragði) á milli:
 - Fullorðinna?
 - Fullorðinna og barna?
 - Barna?

Svar	Litakóðun
Hér gæti bærinn bætt sig.	

- Geta börn komið á framfæri ábendingum um mismununun til sveitarfélagsins?

- Er tilkynningum barna og ungmenna um mismunun innan sveitarfélagsins safnað með kerfisbundnum hætti?
- Er tekið tillit til ábendinga frá börnum um mismunun í aðgerðum sem miða að því að sporna gegn mismunun?

Svar	Litakóðun
Á öllum skólastigum fer fram kennsla og umræða um mismunandi aðstæður fólks.	

- Getur barn sem hefur orðið fyrir mismunun fengið stuðning eða aðstoð við að leita réttar síns? T.d. í gegnum umboðsmann íbúa, sérstakan talsmann barna?

Svar	Litakóðun
Já, tilkynningahnappur hefur verið mikilvægur. Þar mega þau skrifa um áhyggjur sínar hverjar sem þær er. (Athuga 112 app í spjaldtölvur?) Þarf að kynna reglulega.	

- Mismuna gjaldskrár börnum eftir aldri t.d. gjaldskrár sundlauga, strætisvagna, frístundastarfs o.s.frv?

Svar	Litakóðun
Skólakort gilda frá 9 til 3 í strætó (strætó er ekki beint á valdsviði bæjarins). Engin mismunun nema ef til að reyna að aðstoða börn sem þurfa aðstoð.	

Gagnasöfnun og nýting gagna

- Er gögnum um líðan og stöðu barna safnað með markvissum og reglubundnum hætti?
 - Er upplýsingum safnað um viðhorf, velferð og reynslu barna?
 - Er gagna aflað um mismunandi hópa barna? T.d. á mismunandi aldri?
 - Hafa þessi gögn verið greind og skoðuð með heildstæðum hætti?
 - Hvernig eru þessar upplýsingar nýttar?
 - Eru upplýsingarnar nýttar til að stuðla að velferð barna og ungmenna og við mótun þjónustu sem þau nota?
 - Hefur farið fram greining á þessum gögnum með það að markmiði að kanna hvaða hópar barna eru í mestri hættu á að verða fyrir mismunun?

Svar	Litakóðun
Kópavogsbær hefur haft mælaborð frá árslokum 2019 og það er mikið notað og reglulega fylgst með því og brugðist við eftir bestu getu.	

- Þegar spurningalistar eru lagðir fyrir börn eða gögnum safnað með öðrum hætti, er þá séð til þess að öll börn geti skilað inn svörum? Er hugað

sérstaklega að þörfum barna með sérþarfir, börnum með annað móðurmál o.s.frv.?

Svar	Litakóðun
Hér gætum við skoðað mál betur sérstaklega börn með annað móðurmál og fötluð börn.	

- Hvernig eru niðurstöðurnar kynntar fyrir börnum?

Svar	Litakóðun
Hér þarf að bæta úr.	

- Er upplýsinga sérstaklega aflað um stöðu barna innan sveitarfélagsins sem tilheyra viðkvæmum hópum og hvort þau njóti réttinda sinna?

Svar	Litakóðun
Gerum það eftir bestu getu en gætum gert betur.	

- Kannar sveitarfélagið með markvissum hætti upplifun barna og ungmenna af því hvernig réttindi þeirra eru uppfyllt innan sveitarfélagsins?

Svar	Litakóðun
Já með tilkomu þess að verða Barnvænt sveitarfélag	

Grunnþáttur 4 – Þátttaka barna

Ákvörðun um að innleiða Barnasáttmálann felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitarfélag. Barnvæn sveitarfélög vinna að því að efla þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og leita eftir og nýta sér reynslu og viðhorf þeirra til að bæta þá þjónustu sem ætluð er þeim.

Samkvæmt Barnasáttmálanum ber stjórnvöldum, þ.á.m. sveitarfélögum, að hlusta eftir skoðunum barna og taka réttmætt tillit til þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hvetja börn til lýðræðislegrar þátttöku og tryggja þeim vettvang til að tjá sig á eigin forsendum. Á það við um öll mál er varða börn með einum eða öðrum hætti, svo sem í skólastarfi, félagsþjónustu, frístundastarfi og við skipulag nánasta umhverfis. Réttur barna til þátttöku er einnig tryggður í ýmsum öðrum lögum, m.a. í barna- ([nr. 76/2003](#)), grunnskóla- ([nr. 91/2008](#)), framhaldsskóla- ([nr. 92/2008](#)), æskulýðs- ([nr. 70/2007](#)) og barnaverndarlögum ([nr. 80/2002](#)). Þó að sum lög tiltaki aldursmörk eða geri óbeint ekki ráð fyrir að ung börn hafi formlegar leiðir til áhrifa og þátttöku, þá eiga öll börn þennan rétt. Mikilvægt er að börn fái frá unga aldri þjálfun í því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, miðla málum og finna lausnir með öðrum.

Tækifæri barna og ungmenna til að hafa áhrif eru oft bundin við ólík ráð og hópa, svo sem ungmenningaráð og nemendafélög. Engu að síður ber að nefna að Barnasáttmálinn

tryggir öllum börnum jafnan rétt til þátttöku. Frá sjónarhorni réttinda allra barna þarf að veita ólíkum aldurshópum athygli. Leitast þarf við að hlusta á raddir ólíkra hópa, sérstaklega þeirra er standa höllum fæti eða eiga frekar á hættu að verða fyrir mismunun.

Leiðir fyrir börn til að hafa áhrif og taka þátt

Það er mikilvægt að börnum og ungmennum standi til boða ólíkar leiðir til þátttöku. Það eru ekki öll börn sem hafa áhuga á að taka þátt í ungmennaráðum eða nemendafélögum. Sum börn gætu ef til vill frekar viljað taka þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu, svo sem í skólanum þeirra eða hverfi. Sveitarfélag sem vinnur að því að innleiða Barnasáttmálann ætti að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir börn og ungmenni til að láta raddir sínar heyrast. Í stað einstakra viðburða þar sem samráð er haft við t.d. ungmennaráð eða nemendafélög, ættu samskipti og samræður á milli barna og stjórnenda sveitarfélagsins að eiga sér stað með reglulegu millibili. Mörg barnvæn sveitarfélög skipuleggja t.d. reglulegar umræður á milli barna, stjórnenda og annarra sem taka mikilvægar ákvarðanir.

Barnvæn sveitarfélög eiga að hafa skýra og markvissa verkferla fyrir samráð við börn og ungmenni vegna mála sem tekin eru fyrir innan stjórnsýslunnar. Mikilvægt er að skoða hvort þær leiðir/aðferðir til þátttöku sem eru í boði fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu séu aðgengilegar öllum börnum. Skoða þarf og greina hvort erfiðara sé fyrir ákveðna hópa að taka þátt. Börn með greiningar og/eða skerðingar, börn af erlendum uppruna og yngri börn eru oft ólíkleg til að taka þátt í skipulögðum samráðsvettvöngum líkt og ungmennaráðum. Regluleg barnaþing þar sem hugað er sérstaklega að þátttöku barna úr viðkvæmum hópum, viðtöl við sérfræðihópa barna, sérstakar kynningar og þýðingar eru allt dæmi um leiðir til að tryggja betur tækifæri þeirra til að hafa áhrif.

Það er mjög mikilvægt að formlegar boðleiðir séu til staðar milli ungmennaráðs og kjörinna fulltrúa og embættismanna sveitarfélagsins. Tryggja þarf ungmennaráði stuðning og þá er mikilvægt að samráð stjórnsýslunnar við ungmennaráð sé í föstum skorðum og reglubundið.

Hér má benda á að bæði Akureyri og Kópavogur hafa sett upp tilkynningarhnapp vegna réttindabrota og ábendingarhnapp vegna málefna bæjarins og gert aðgengilega börnum, m.a. með markvissum kynningum. Þeim fylgja skýrir verkferlar varðandi það í hvaða ferli slíkar tilkynningar/ábendingar fara. Sjá nánar í lokaskýrslum þeirra.

Leiðbeinandi spurningalisti 4 – Þátttaka barna

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Ekki þarf að uppfylla öll upptalin atriði, en mikilvægt er að velja þeim fyrir sér. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Áætlanir og stefnumótandi skjöl

- Ganga aðgerðaáætlanir og stefnumótandi skjöl út frá því að öll svið og nefndir hlusti eftir og vinni markvisst með raddir barna og ungmenna?

Svar	Litakóðun
Já en gjarnan má ítreka að umsagnir er varða börn fari ávallt til ungmennaráðs.	

- Búa öll svið yfir færni til að hlusta eftir og taka réttmætt tillit til sjónarmiða barna og ungmenna við ákvarðanatöku?

Svar	Litakóðun
Mætti helst skoða að bæta á umhverfissviði - mögulega skipulagsmálin.	

- Er hlustað á raddir barna og ungmenna við ákvarðanatöku í málum er snerta þau?

Svar	Litakóðun
Já	

Þjálfun starfsfólks

- Fær starfsfólk fræðslu um lagalegan grundvöll fyrir þátttöku barna og ungmenna?

Svar	Litakóðun
Mikil fræðsla og undirbúningur er innan allra skóla fyrir barnaþingin. Er einnig í góðum farvegi hjá Réttindaskólum. Unicef – Akademia mun væntanlega hjálpa til við að uppfylla betur 42. greinina.	

- Byr starfsfólk yfir þeirri færni og þekkingu sem undirbýr þau til að stýra samráðsfundum með börnum?

Svar	Litakóðun
Já þeir starfsmenn sem sjá um þá vinnu.	

Ungmennaráð

- Er ungmennaráð starfandi?

Svar	Litakóðun
Já	

- Hafa verið settar reglur um starf ungmennaráðsins og möguleika þess til að hafa áhrif á ákvarðanir?

Svar	Litakóðun
------	-----------

Já	
----	--

- Hefur sveitarstjórn reglulegt samráð við ungmennaráðið?

Svar	Litakóðun
Já – að minnsta kosti árlega	

- Leita öll svið og nefndir með reglubundnum hætti til ungmennaráðsins?

Svar	Litakóðun
Já en mismikið.	

- Hefur ungmennaráðið fjármuni til ráðstöfunar?

Svar	Litakóðun
Nei ekki beint eyrnamerkt ungmennaráði. Fremur reynt að svara tillögum þeirra.	

- Hefur ungmennaráðið fengið fræðslu um stjórnkerfi sveitarfélagsins og hvernig ákvarðanir eru teknar innan þess?

Svar	Litakóðun
Já á fyrsta fundi er farið yfir það. Fá líka fræðslu um lýðræðislega þátttöku.	

- Hefur ungmennaráðið fengið fræðslu um Barnasáttmálann og um mannréttindi almennt?

Svar	Litakóðun
Hefur verið fléttað inn í fræðslu um lýðræðislega þátttöku.	

- Eru til staðar verkferlar sem tryggja að ungmennaráðið geti komið málefnum á framfæri við sveitarstjórn með formlegum hætti?

Svar	Litakóðun
Já	

- Eru til staðar verkferlar sem tryggja að tillögur og fyrirspurnir ungmennaráðsins fái efnislega meðferð innan sveitarfélagsins?

Svar	Litakóðun
Tengiliður ungmennaráðs tryggir að þær komist til bæjarstjórnar eða annarra stjórnenda eftir því sem við á.	

- Eru til staðar verkferlar sem tryggja að ungmennaráð fái endurgjöf frá sveitarstjórn eða öðru starfsfólki sveitarfélagsins í kjölfar þess að það leggur

fram fyrirspurnir, tillögur eða kemur skoðunum sínum á framfæri með öðrum hætti?

Svar	Litakóðun
Já	

Þátttaka annarra hópa eða einstakra barna

- Eru tækifæri til þátttöku tryggð fyrir:
 - Börn á ólíkum aldri?
 - Börn í jaðarhópum, börn sem eiga í hættu á að vera mismunað?

Svar	Litakóðun
Erum stöðugt að reyna að bæta þetta. Þjónustan er almennt í lagi en tryggja þarf betur þátttöku barna sem tilheyra jaðarhópum í stefnumótandi starfi. Athuga að nýta vinnu við undirbúning barnaþings.	

- Hvernig er stuðlað að þátttöku þeirra barna og ungmenna sem ekki eru hluti af skipulögðum hópum eins ungmennaráði eða stjórn nemendafélags?

Svar	Litakóðun
Erum stöðugt að reyna að bæta þetta en nýtum líka niðurstöður kannanna og mælaborð.	

- Er hlustað eftir skoðunum ólíkra hópa barna og ungmenna áður en ákvarðanir eru teknar sem tengjast þeim sérstaklega (t.d. skipulag skólastarfs, stefnumótun innan sveitarfélagsins, skipulagningu útivistar- og tómstundasvæða)?

Svar	Litakóðun
Nýtt verkefni "Okkar skóli" tryggir þátttöku þeirra varðandi skólastarf og umhverfi skólans. Mögulega má virkja betur varðandi skipulagningu svæða.	

- Geta börn og ungmenni haft frumkvæði að því að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri?

Svar	Litakóðun
Já, nema mögulega jaðarhópar sem vita ekki alveg hvernig best sé að koma tillögum á framfæri. (Athuga hvort hugmyndakassi gæti verið málið – t.d. í frístund)	

- Er börnum og ungmennum gefin tækifæri til þátttöku nógu snemma í stjórnsýsluferlinu til að tryggt sé að þátttaka þeirra hafi raunveruleg áhrif?

Svar	Litakóðun
Já, almennt	

- Hvaða hindranir koma í veg fyrir þátttöku barna og ungmenna innan sveitarfélagsins?

Svar	Litakóðun
Mögulega tungumál - þyrftum að þýða betur á fleiri tungumál. Finnum líka meira fyrir tímaskorti barna.	

Nemendafélög og skólaráð

- Eru börn meðlimir í skólaráðum í öllum grunnskólum sveitarfélagsins?

Svar	Litakóðun
Já	

- Fá börn og starfsfólk fræðslu um skólaráð og hlutverk þess? [Hér](#) má sjá stutt fræðslumyndband um skólaráð.

Svar	Litakóðun
Hér mætti gera betur.	

- Eru fulltrúar barna í skólaráðum valdir í samræmi við [reglugerð um skólaráð](#)?

Svar	Litakóðun
Já	

- Er starfandi stjórn nemendafélags í öllum grunnskólum sveitarfélagsins?

Svar	Litakóðun
Já	

- Fá börn og starfsfólk fræðslu um nemendafélagið og hlutverk þess? [Hér](#) má sjá stutt fræðslumyndband um nemendafélög.

Svar	Litakóðun
Þegar kosið er þá eru kynningar. Gætum annars gert betur hér.	

- Geta börn á öllum aldri tekið þátt í nemendafélaginu?

Svar	Litakóðun
Grunnskólalög kveða á um þetta. Það er ekkert sem bannar yngstu nemendunum að vera með en algengast er að þetta séu nemendur af elsta stigi. Gætum mögulega gert betur hér, m.a. að virkja yngri nemendur.	

- Hafa stjórnir nemendafélaga í öllum grunnskólum sett sér starfsreglur, þar sem m.a. er fjallað um val á skólaráðsfulltrúum?

Svar	Litakóðun
Já	

Þjónusta við börn

- Fá börn tækifæri til þátttöku við þróun og mat á þjónustu sem ætluð er þeim, t.d. velferðar- og félagsþjónustu, samgöngu- og skipulagsmálum og skóla- og frístundastarfi?

Svar	Litakóðun
Já, en getum bætt okkur hvað varðar jaðarhópa.	

- Eru börn með í umræðum og skipulagningu þegar vinna þarf að málum sem snúa að þeim, t.d. innan skóla- og frístundastarfs?

Svar	Litakóðun
Já	

- Fá börn tækifæri til að hafa áhrif á opnunartíma og aðgengi að byggingum og svæðum?

Svar	Litakóðun
Nei almennt ekki en einhver dæmi eru þó til um það.	

Grunnþáttur 5 – Barnvæn nálgun

Til þess að sveitarfélag sé barnvænt er ekki nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af Barnasáttmálanum. Tryggja þarf að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna.

Mikilvægt er að auðvelda aðgengi barna að ólíkum sviðum og stofnunum sveitarfélagsins. Sérstaklega er brýnt að þjónusta sem ætluð er börnum sé barnvæn, t.d. barnavernd og félagsþjónustan. Starfsumhverfi sveitarfélagsins ætti að mótask af þörfum barna, þannig að auðvelt sé fyrir börn á öllum aldri að óska eftir aðstoð við hæfi. Þá skiptir miklu máli að börn geti sjálf leitað til starfsfólks sveitarfélagsins og fengið leiðbeiningar og ráðgjöf, án aðkomu foreldra. Enn fremur þarf að tryggja að þau svið, stofnanir sem hafa ekki augljósa tengingu við börn tileinki sér barnvæna nálgun. Umhverfis- og skipulagssvið og fjármálasvið sveitarfélags ættu að tileinka sér barnvæna nálgun ekki síður en skóla- og frístundasvið eða barnavernd.

Barnavernd

Foreldrar bera meginábyrgð á velferð barna sinna og fara með forsjá þeirra. Þegar brotið er á réttindum barna eru sem betur fer flestir foreldrar færir um að aðstoða börn sín og koma fram fyrir þeirra hönd. Það er þó því miður ekki alltaf raunin. Í barnvænu sveitarfélagi þarf að tryggja að börn geti sjálf komið ábendingum og tilkynningum á

framfæri ef réttindi þeirra eru ekki virt, óháð vitneskju eða samþykki foreldra. Þær leiðir sem standa til boða í sveitarfélaginu þurfa því að vera einfaldar og barnvænar, þannig að börn geti nýtt sér þær.

Til þess að stuðla að velferð allra barna í sveitarfélaginu þarf einnig að vinna markvisst að forvörnum og fræðslu. Til dæmis þarf starfsfólk sem vinnur með börnum að fá viðeigandi þjálfun til að greina líðan barna. Þannig er hægt að bregðast rétt við og tilkynna til barnaverndar ef ástæða er til að ætla að barn hafi orðið fyrir ofbeldi, vanrækslu eða annars konar illri meðferð. Liggja þarf fyrir skýrt verklag um hvernig unnið er með slík mál.

Umhverfi og skipulag

Það er fátítt að börn og ungmenni komi að skipulagsmálum á vettvangi sveitarfélaga. Þó eru börn og ungmenni ef til vill einhverjir virkustu notendur umhverfis og samgangna. Þegar kemur að því að skipuleggja útivistarsvæði, skólalóðir, samgöngur á milli hverfa o.s.frv. búa börn yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu sem getur nýst starfsmönnum sveitarfélagsins. Eins er mikilvægt að huga að því að ákveðin svæði geta skipt börn máli, þó það sé ef til vill ekki augljóst hinum fullorðnu.

Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á því að starfsfólk sveitarfélags tileinki sér barnvænt sjónarhorn og nálgun í störfum sínum. Það ætti að leggja sig fram við að nálgast þarfir barna og bjóða þeim að taka þátt í skipulagsferli. Á þetta sérstaklega við um þegar unnið er að skipulagi skólalóða og skólabygginga eða útivistarsvæða ætluðum börnum og ungmennum.

Benda má á barnvænt verkferli hverfaskipulags í Reykjavík: [Skapandi samráð](#).

Félags- og menningarleg starfsemi barna

Mikilvægt er að barnvænt sveitarfélag styðji við félagslegt umhverfi og menningu barna með fjölbreyttum hætti. Sum sveitarfélög gera það með því að veita styrki til íþrótt- og tómstundaiðkunnar eða efla börn í að standa fyrir eigin menningarviðburðum. Barnvænt sveitarfélag ætti að leita eftir viðhorfum og skoðunum barna á því hvernig þau vilja verja frítíma sínum og stuðla að fjölbreyttu frístundastarfi. Sömuleiðis þarf að kanna aðgengi barna að menningarstofnunum innan sveitarfélagsins. Barnvænt sveitarfélag ætti einnig að styðja við menningarviðburði á vegum barna og ungmenna með því að bjóða uppá verkefnastyrki og/eða aðstöðu. Þá er mikilvægt að huga að því hvort upplýsingar um þær tómstundir sem í boði eru séu aðgengilegar öllum börnum.

Leiðbeinandi spurningalisti 5 – Barnvæn nálgun

Gott er að hafa hugfast að spurningalista þessum er ætlað að leiða stýrihóp innleiðingarinnar áfram í störfum sínum. Ekki þarf að uppfylla öll upptalin atriði, en mikilvægt er að velja þeim fyrir sér. Atriðunum er ýmist ætlað að dýpka skilning á umhverfi og þjónustu sveitarfélagsins eða skoða innviði þess. Listinn er ekki tæmandi.

Þjónusta við börn

- Er markvisst leitað eftir skoðunum barna á öllum aldri við mat á þjónustu?

Svar	Litakóðun
Höfum bætt okkur hér. Farið út í skólana og rætt við börn um skipulagsmál. Sama á við um skóla og frístundastarf. Sama gildir um velferðarsvið.	

- Eru börn upplýst um það hvert þau geta leitað aðstoðar hjá öllum stofnunum og sviðum sveitarfélagsins? T.d. í tilvikum þar sem réttindi barna eru ekki virt eða þau eru ósátt við þá þjónustu eða aðstoð sem þeim er veitt.

Svar	Litakóðun
Tilkynningahnappur hefur haft mikið að segja. Þá hafa börn greiðan aðgang að kennurum, starfsfólki í frístund eða félagsmiðstöð til að koma sjónarmiðum á framfæri.	

- Geta börn á öllum aldri fengið upplýsingar og ráðgjöf við hæfi, án aðkomu foreldra t.d. frá skólasálfræðingi, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa o.s.frv.?

Svar	Litakóðun
Allir 10 bekkingar hafa getað þetta og nú verður sama þjónusta í boði fyrir 9. bekk. Skoðað verður að auðvelda þetta.	

- Er umhverfi stofnana hlýlegt og barnvænt? Er tekið tillit til þarfa barna? T.d. á skrifstofu félagsþjónustu, barnaverndar?

Svar	Litakóðun
Getum bætt okkur í þessu, gert umhverfi hlýlegra og barnvænlegra, til dæmis móttökuna. Erum svolítið stofnanaleg.	

- Geta börn komið ábendingum og kvörtunum um brot á réttindum sínum á framfæri með einföldum hætti, án samþykkis foreldra? (t.d. með tilkynningahnappi/ábendingahnappi á heimasíðu sem kynnt hefur verið börnum)

Svar	Litakóðun
Tilkynningahnappurinn og starfsfólk hefur fengið þjálfun í að „hlusta“ þegar börn leita til þeirra.	?

- Fær starfsfólk sveitarfélagsins, sem vinnur með börnum, sérstaka þjálfun í því að greina og bregðast við ýmsum vandamálum t.d. vanrækslu, ofbeldi eða annarri illri meðferð?
 - Eru til skýrir verkferlar um tilkynningar til barnaverndar innan allra stofnana sem vinna með eða fyrir börn?

Svar	Litakóðun
Já	

Umhverfi

- Er tekið tillit til þarfa og hagsmuna barna við skipulagningu og mótun svæða í sveitarfélaginu, s.s. íbúahverfa, almenningssvæða, opinberra svæða, göngu- og hjólastíga og vega?

Svar	Litakóðun
Já	

- Hafa hagsmunir og sjónarmið barna áhrif á skipulagningu og ákvarðanatöku um skipulags- og umhverfismál?
 - Er tekið tillit til barna á öllum aldri eða barna með sérþarfir?

Svar	Litakóðun
Já en komið geta upp hagsmunaárekstra við önnur mál sem metin eru mikilvæg.	

- Hafa hagsmunir, þarfir og sjónarmið barna áhrif þegar verið er að skipuleggja húsnæði og lóðir sem ætlaðar eru börnum, s.s. skóla- og frístundahúsnæði?

Svar	Litakóðun
Já	

- Fá börn tækifæri til að hafa áhrif á skipulag, byggingu og breytingar á byggingum og svæðum sem ætluð eru þeim?

Svar	Litakóðun
Já, almennt er leitað til barna í þessum efnum.	

- Fá börn tækifæri til að hafa áhrif á hönnun, val á húsgögnum og leiktækjum?

Svar	Litakóðun
Gætum gert betur hér.	

- Hafa hagsmunir, þarfir og sjónarmið barna áhrif þegar verið er að skipuleggja svæði/hverfi?
 - Íbúahverfi?
 - Almenningsvæði (garðar, opin svæði)?
 - Byggð og náttúruleg græn svæði?
 - Vegi, gangstéttir og hjólastíga?

Svar	Litakóðun
Já, en ekki endilega talað við þau beint.	

- Er tekið tillit til þarfa ólíkra hópa barna við skipulagningu og mótun almenningssvæða og er hlustað á þessa hópa?
 - Börn með fatlanir (aðgengi)
 - Börn með sérstök áhugamál (skipulagning íþróttahúsnæðis og garða).

Svar	Litakóðun
Tekið tillit til þeirra þarfa og hlustað ef það kemur ábending.	

- Eru áhrif á börn metin í tengslum við:
 - Svæðisskipulag?
 - Skipulag samgangna og umferðar?
 - Eru viðhorf og skoðanir barna tekin til greina þegar áhrif eru metin?

Svar	Litakóðun
Já, í þeim skipulagsáætlunum sem eru nær íbúunum þ.e. deiliskipulagi, hverfisáætlunum og aðalskipulagi er viðfangsefnið að skapa gott, heilnægt og öruggt umhverfi fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þar vegur skipulag samgangna og umferðar þungt. Eins nálægð búsetu við útivistarsvæði og aðra afþreyingu; göngu- og hjólaleiðir til og frá skóla eru sérstaklega skoðaðar; staðsetning leiksvæða í hverfinu og margt fleira sem hefur áhrif á íbúa og þá sérstaklega þegar kemur að framkvæmdum.	

Félags- og menningarleg starfsemi barna

- Hvernig styður sveitarfélagið við íþrótt- og tómstundaiðkun barna og ungmenna?
 - Með niðurgreiðslu á félagsgjöldum (hvatapeningum)?
 - Er upplýsingum um þessa möguleika miðlað til allra barna og ungmenna og foreldra þeirra?
 - Er hugað að því að upplýsingar séu aðgengilegar á öðrum tungumálum?
 - Er haldið utan um það hverjir nýta sér stuðning sveitarfélagsins?
 - Ef já – er hugað að því af hverju sumir nýta ekki styrkinn?

Svar	Litakóðun
------	-----------

Sveitarfélagið styður við félags og menningarstarfssemi barna og veitir frístundastyrki – þá hæstu á landinu 2022. Foreldrar eru upplýst um frístundastyrkina en mögulega mætti upplýsa börnin sjálf betur og skoða fleiri tungumál.

- Hvernig styður sveitarfélagið félags- og menningarlega starfsemi barna og ungmenna?
 - Með því að styrkja verkefni sem stuðla að félags- og menningarlegri starfsemi barna?
 - Með því að útvega aðstöðu/svæði fyrir slík verkefni?
 - Er upplýsingum um þessa möguleika miðlað til allra, bæði fullorðinna og barna?

Svar	Litakóðun
Höfum verið með stórt menningarverkefni – styrkt í gegnum Evrópusambandið – þar sem börn eru leiðandi. Þá fá börn aðstöðu bæði á bókasafni og náttúrufræðistofu sem oft eru með viðburði fyrir börn. Upplýsingum er miðlað í gegnum bæjarblöð, heimasíðu, Facebook síðu og Instagram bæjarins	

- Tekur stuðningur til íþrótt- og tómstundaiðkunar og félags- og menningarlegrar starfsemi barna tillit til:
 - Barna og ungmenna sem koma frá efnaminni heimilum?
 - Barna og ungmenna með fatlanir?
 - Barna með sérstök áhugamál?

Svar	Litakóðun
Börn af efnaminni heimilum eru studd sérstaklega með verkefninu „Vertu með“. Félagsmiðstöðvarnar taka sérstaklega á málefnum fatlaðra og eru markvisst að virkja fötluð börn til þátttöku. Tekið er tillit til áhugasvið barnanna sjálfra í skipulagningu tómstundastarfsins.	

- Er upplýsingum um viðhorf barna til frístunda safnað? Er kannað á hvaða hátt þau vilja verja frítíma sínum?
 - Eru þessar upplýsingar nýttar við þróun verkefna og úthlutun styrkja/aðstöðu?
 - Hafa forgangsatriði barna og ungmenna haft áhrif á stuðning til félags- og menningarlegrar starfsemi?

Svar	Litakóðun
------	-----------

Gætum oftast átt samtöl við börnin sjálf um þetta en nú er í gangi vinna við að meta viðhorf sértækra hópa í frístundastarfi. Upplýsingarnar eru nýttar til frekari þróunar og úthlutunar fjármagns.

- Eru upplýsingar um íþróttir-, tómstundir og aðra menningarlega starfsemi aðgengilegar börnum?
 - Er framboðið sérstaklega kynnt börnum?
 - Eru æfingartímar og aðrar praktískar upplýsingar aðgengilegar á öðrum tungumálum?

Svar	Litakóðun
Já	

- Tala mismunandi svið/þjónustuaðilar/stofnanir saman þannig að þau samræmi sína þjónustu með vinnudag barnsins í huga?

Svar	Litakóðun
Já en gætum mögulega gert betur hér	